

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2019, miðvikudaginn 11. september kl. 10:09 var haldinn 47. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstödd voru: Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Pawel Bartoszek, Ragna Sigurðardóttir, Hjálmar Sveinsson, Katrín Atladóttir, Hildur Björnsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir og áheyrnarfulltrúarnir Daníel Örn Arnarsson, Baldur Borgþórsson og Ásgerður Jóna Flosadóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir og Sigurjóna Guðnadóttir. Starfsfólk skipulagsfulltrúa sitja fundinn, eftir atvikum undir liðum 1 – 6. Starfsfólk skrifstofu samgöngustjóra, borgarhönnunar hjá umhverfis- og skipulagssviði sitja fundinn undir lið 7 og 10 – 14. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

Petta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. **Elliðaárvogur/Ártúnshöfði svæði 1**, (04.0) Mál nr. SN170899
deiliskipulag

Kynntar hugmyndir að skipulagi fyrir miðsvæðið á Krossamýrartorgi Elliðaárvogi/Ártúnshöfða svæði 1.
Kynnt.

Chris Wieszczycki, fulltrúi TP Bennett teiknistofu og Halldór Eyjólfsson fulltrúi Klasa taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**, fundargerð Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. september 2019.

3. **Hlemmur +, 1.241.0, 1.241.1 - Hampiðjureitir**, breyting á skilmálum deiliskipulags Mál nr. SN190528

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 5. september 2019 að breytingu á skilmálum deiliskipulags "Hlemmur + 1.241.0, 1.241.1 Hampiðjureitir". Í breytingunni felst að skilgreind er nánar heimild í deiliskipulagi vegna minniháttar breytinga varðandi kvisti og svalir. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

4. **Lækjargata 8**, breyting á deiliskipulagi (01.140.5) Mál nr. SN180334
450269-3609 Lækur ehf., Bæjarlind 6, 201 Kópavogur
490597-3289 Studio Granda ehf., Smiðjustíg 11b, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð er fram að nýju umsókn Studio Granda ehf. dags. 3. maí 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.140.5, Pósthússtrætisreits, vegna lóðarinnar nr. 8 við Lækjargötu. Í breytingunni felst m.a. að einnar hæðar bakbyggingar gamla hússins og skúr við gafl Lækjargötu 6b verði fjarlægðar og endurbyggðar að hluta, byggðar verði 2 hæðir og portbyggt ris með kvistum yfir innkeyrsluramp auk þess sem byggt verði upp að gafl Lækjargötu 6b. Gert er ráð fyrir kjallara undir gamla húsinu og nýbyggingu, samkvæmt deiliskipulags- og skuggavarpuppdr. Studio Granda ehf. dags. 1. október 2018. Einnig er lögð fram útskrift úr fundargerð Minjastofnunar Íslands 3. ágúst 2016, minnisblað EFLU dags. 24. nóvember 2016 og Bréf Studio Granda ehf. dags. 1. október 2018. Jafnframt er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 14. nóvember 2018 og bréf Studio Granda ehf. dags. 22. janúar 2019. Tillagan var auglýst frá 27.

mars 2019 til og með 8. maí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Haraldur Ingvarsson f.h. eiganda að Lækjargötu 6B dags. 29. apríl 2019 og Jón Örn Valsson, Magnús Steinþórsson og Eiríkur Óskarsson f.h. húsfélagsins Pósthússtræti 13 dags. 8. maí 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2019.

Samþykkt sbr. 1.mgr. 42 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2019

Vísað til borgarráðs

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar:

Fulltrúi Miðflokksins tekur undir innsendar athugasemdir og veltir fyrir sér hvers vegna verið er að leyfa þreföldun byggingarmagns á téðri lóð með tilheyrandi skerðingu gæða nágretta. Núgildandi deiliskipulag er frá árinu 2008 og því ekki um eðlilega breytingu að ræða vegna breyttra tíma. Í málflytningi er talað um óverulegar breytingar, en raunin er þreföldun byggingarmagns. Það eru ekki óverulegar breytingar. Í ljósi nýlegra úrskurða Úrskurðarnefndar Umhverfis og auðlindamála telur fulltrúi Miðflokksins rétt að staldra hér við og að tekið sé tillit til innsendra athugasemda.

Fulltrúi Pírata, fulltrúar Samfylkingarinnar og fulltrúi Viðreisnar gagnbóka:

Markmið tillögunnar er að bæta ásýnd og nýtingu á svæðinu bak við Lækjargötu 8. Skúr á baklóð og bygging við Lækjargötu 6 verða fjarlægðar. Nýjar byggingar koma í stað þeirra. Einnig kemur tveggja hæða nýbygging með portbyggðu risi og kvistum ofan á innkeyrslurampa á baklóðinni.

Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. **Laugarnes**, minningarreitir um (01.328.5) Mál nr. SN190217
Holdsvaikraspítalann
110346-3019 Magnús Sædal Svavarsson, Máshólar 10, 111 Reykjavík

Lagt fram bréf Magnúsar Sædals Svavarssonar f.h. Oddfellowreglunnar Ob. Petrusar, dags. 26. mars 2019 varðandi áform um gerð minningarreits um Holdsvaikraspítalann í Laugarnesi. Tillagan hefur verið unnin í samstarfi við Minjastofnun Íslands og Borgarsögusafn Reykjavíkur. Einnig eru lagðir fram uppdrættir Landslags dags. 19. mars 2019. Einnig er lögð fram umsögn/svar deildarstjóra náttúru og garða hjá skrifstofu Umhverfisgæða Reykjavíkur dags. 13. ágúst 2019.

Kynnt.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. **Kringlan**, Kynnt (01.721) Mál nr. SN170316

Kynnt staða vinnu að skipulagi á Kringlusvæðinu.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar:

Fulltrúi Miðflokksins gerði athugasemd við samþykkt rammaskipulags vegna Kringlureits á síðasta ári á þeim forsendum að ekki hafi verið gengið frá skipulagi vegna mislægra gatnamóta Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Því ber að fagna að vinna við forhönnun Miklubrautar í stökk er hafin. Samkvæmt rammaskipulagi eru þó einungis sex metrar frá húsvegg fyrirhugaðra bygginga á reitnum að þessum lykil stofnbrautum borgarinnar. Áður en lengra er haldið þarf í samráði við Vegagerðina að ganga að fullu frá skipulagi vegna mislægra gatnamóta þessara stofnbrauta og þeim vegtengingum sem því fylgja. Gildir þá einu hvort talað er um stökk eða mislæg gatnamót.

Friðjón Sigurðarson, fulltrúi Reita tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(E) samgöngumál

7. **Strætó bs.,** Kynning Mál nr. US190292

Nýtt leiðanet – endurskoðun leiðakerfis Strætó vegna Borgarlínu Kynning á yfirstandandi vinnu og tillögu á vinnslustigi.

Ragnheiður Einarsdóttir og Sólrún Svava Skúladóttir fulltrúar Strætó bs. taka sæti á fundinum undir þessum lið.

(C) Fyrirspurnir

8. **Köllunarklettsvegur 3 og 5,** (fsp) (01.328) Mál nr. SN190326
uppbygging
671106-0750 Þingvangur ehf., Bergstaðastræti 73, 101 Reykjavík
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf. dags. 24. maí 2019 varðandi uppbyggingu íbúðarhúsnæðis til skammtímanota á lóð nr. 3 og 5 við Köllunarklettsveg, samkvæmt tillögu Plúsarkitekta ehf. dags. í apríl 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. ágúst 2019.
Frestað.

(B) Byggingarmál

9. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,** Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1032 frá 13. ágúst 2019, fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1033 frá 20. ágúst 2019, fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1034 frá 27. ágúst 2019 og fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1035 frá 3. september 2019.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

10. **Ármúli,** Almenn stæði fyrir Mál nr. US190286
hreyfihamlaða við Ármúla

Lagt er fram bréf frá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar vegna almennra stæða fyrir hreyfihamlaða, endastæði við Síðumúla 1, Ármúla-megin. dags. 30. ágúst 2019. Með bréfinu fylgja reglur/leiðbeiningar vegna þessara stæða í borgarlandi, sem rökstuðningur fyrir úthlutun stæðisins dags. 16. október 2017.
Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

11. **Bílastæðasjóður,** Tillaga Mál nr. US190290

Lögð er fram tillaga til samþykktar dags. 28. ágúst 2019 frá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar, bílastæðasjóðs þar sem lagt er til um breytingu á gjaldsvæði 1.
Samþykkt með atkvæðum fulltrúa Pírata, fulltrúa Viðreisnar og fulltrúa Samfylkingarinnar með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Nú er lagt til að lengja gjaldskyldutímann, hafa gjaldskyldu á sunnudögum og gera fleiri gjaldsvæði að gjaldsvæði 1. Allt snýst þetta um að gera

bílafólki eins erfitt fyrir og hægt er, að koma á bílnum sínum í bæinn. Annar ávinningur er ekki sýnilegur. Afleiðingar munu ekki standa á sér, æ fleiri íslendingar, íbúar úthverfa munu hætta leggja leið sína í bæinn. Þetta eru harkalegar aðgerðir á meðan ekki er boðið uppá strætó sem fýsilegan kost. Flokkur fólksins vill ítreka að borgin er fyrir alla, líka þá sem koma á bíl sínum. Í það minnsta er nokkuð ljóst að þetta mun varla leiða til þess fólk sem býr langt frá miðbænum ákveði nú að leggja bíl sínum og koma hjólandi í miðbæinn. Allir vita að það mun varla gerast. Fólk notar bíl sinn af mörgum ástæðum.

Fulltrúi Pírata, fulltrúar Samfylkingarinnar og fulltrúi Viðreisnar gagnbóka:

Stækkun gjaldskyldra svæða og lenging gjaldskyldutíma er í samræmi við þá stefnu sem mótuð hefur verið og útfærð í stýrihópi um bílastæðamál. Markmiðin eru: betri stýring umferðar, hagkvæmari nýting stæða og auknar tekjur. Samngjörn gjaldtaka hvetur til fjölbreyttari ferðamáta og minnkar umfang þess að fallett borgarrými sé nýtt sem langtímageymslusvæði fyrir bíla.

12. **Bílastæðasjóður, Tillaga**

Mál nr. US190288

Lögð er fram tillaga til samþykktar frá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar, bílastæðasjóði dags. 28. ágúst 2019 þar sem lagt er til að lengja gjaldskyldutíma og tillögu um gjaldskyldu á sunnudögum. Samþykkt með atkvæðum fulltrúa Pírata, fulltrúa Viðreisnar og fulltrúa Samfylkingarinnar með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Nú er lagt til að lengja gjaldskyldutímann, hafa gjaldskyldu á sunnudögum og gera fleiri gjaldsvæði að gjaldsvæði 1. Allt snýst þetta um að gera bílafólki eins erfitt fyrir og hægt er, að koma á bílnum sínum í bæinn. Annar ávinningur er ekki sýnilegur. Afleiðingar munu ekki standa á sér, æ fleiri íslendingar, íbúar úthverfa munu hætta leggja leið sína í bæinn. Þetta eru harkalegar aðgerðir á meðan ekki er boðið uppá strætó sem fýsilegan kost. Flokkur fólksins vill ítreka að borgin er fyrir alla, líka þá sem koma á bíl sínum. Í það minnsta er nokkuð ljóst að þetta mun varla leiða til þess fólk sem býr langt frá miðbænum ákveði nú að leggja bíl sínum og koma hjólandi í miðbæinn. Allir vita að það mun varla gerast. Fólk notar bíl sinn af mörgum ástæðum.

Fulltrúi Pírata, fulltrúar Samfylkingarinnar og fulltrúi Viðreisnar gagnbóka:

Stækkun gjaldskyldra svæða og lenging gjaldskyldutíma er í samræmi við þá stefnu sem mótuð hefur verið og útfærð í stýrihópi um bílastæðamál. Markmiðin eru: betri stýring umferðar, hagkvæmari nýting stæða og auknar tekjur. Samngjörn gjaldtaka hvetur til fjölbreyttari ferðamáta og minnkar umfang þess að fallett borgarrými sé nýtt sem langtímageymslusvæði fyrir bíla.

13. **Bílastæðasjóður, Tillaga**

Mál nr. US190289

Lögð er fram tillaga til samþykktar frá Skrifstofu samgöngu og borgarhönnunar, bílastæðasjóður dags. 28. ágúst 2019 þar sem lögð er fram tillaga að gjaldskrárbreytingu. Samþykkt með atkvæðum fulltrúa Pírata, fulltrúa Viðreisnar og fulltrúa Samfylkingarinnar með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Nú er lagt til að lengja gjaldskyldutímann, hafa gjaldskyldu á sunnudögum og gera fleiri gjaldsvæði að gjaldsvæði 1. Allt snýst þetta um að gera bílafólki eins erfitt fyrir og hægt er, að koma á bílnum sínum í bæinn. Annar ávinningur er ekki sýnilegur. Afleiðingar munu ekki standa á sér, æ fleiri íslendingar, íbúar úthverfa munu hætta leggja leið sína í bæinn. Þetta eru harkalegar aðgerðir á meðan ekki er boðið uppá strætó sem fýsilegan kost. Flokkur fólksins vill ítreka að borgin er fyrir alla, líka þá sem koma á bíl sínum. Í það minnsta er nokkuð ljóst að þetta mun varla leiða til þess fólk sem býr langt frá miðbænum ákveði nú að leggja bíl sínum og koma hjólandi í miðbæinn. Allir vita að það mun varla gerast. Fólk notar bíl sinn af mörgum ástæðum.

Fulltrúi Pírata, fulltrúar Samfylkingarinnar og fulltrúi Viðreisnar gagnbóka:

Stækkun gjaldskyldra svæða og lenging gjaldskyldutíma er í samræmi við þá stefnu sem mótuð hefur verið og útfærð í stýrihópi um bílastæðamál. Markmiðin eru: betri stýring umferðar, hagkvæmari nýting stæða og auknar tekjur. Samngjörn gjaldtaka hvetur til fjölbreyttari ferðamáta og minnkar umfang þess að fallett borgarrými sé nýtt sem langtímageymslsvæði fyrir bíla.

14. **Björgun á Álfsnesi, tillaga að matsáætlun** Mál nr. US190072

Lögð er fram umsögn dags. 5. september 2019 frá Skrifstofu umhverfisgæða á umhverfis- og skipulagssviði vegna óskar frá Skipulagsstofnun dags. 28. ágúst 2019 um umsögn um frummatsskýrslu um landfyllingu og höfn fyrir efnisvinnslsvæði Björgunar á Álfsnesi. Lagt fram.

(D) Ýmis mál

15. **Fyrirspurn frá Flokki fólksins, hvenær laga á aðgengi að Breiðholtsbrúnni vinstra megin við Brautina þegar komið er frá Mjódd** Mál nr. US190276

Að komast upp á brúna yfir Breiðholtsbrautina ef komið er frá Mjódd, vinstra megin við Brautina er aðeins fyrir þá fótafimumstu. Það er hrikalegt að sjá þennan frágang og ekki nokkur leið fyrir eldri borgara, hreyfiskerta eða aðra sem eiga erfitt með gang. Þennan spöl þarf nánast að fara upp á fjórum fótum og á vetrum yrði þetta bara eins og rennibraut. Myndir fylgja fyrirspurninni Spurt er hvort þetta sé lokafrágangur? Ef ekki hvenær á að laga þetta og ganga frá þessu með sómasamlegum hætti þannig að aðgengi þarna megin við brúna verði fyrir alla?

Vísað til umsagnar Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra.

16. **Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um lækkun hámarkshraða á Laugarásvegi** Mál nr. US190291

Vísað er til skipulags- og samgönguráðs frá Borgarráði dags. 5. september 2019 þar sem borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að hámarkshraði á Laugarásvegi verði lækkaður úr 50 km/klst. í 30 km/klst. Nauðsynlegt er að lækka hámarkshraða á Laugarásvegi úr 50 km/klst. í 30 km/klst. í samræmi við aðrar götur í hverfinu þar sem íbúðarhúsnæði er þétt. Ökumenn aka jafnan vel yfir 50 km/klst. á Laugarásvegi sem skapar mikla hættu en mikið af börnum búa í götunni og leika sér fyrir framan húsin. Gatan er löng og þ.a.l. eiga ökumenn það til að auka hraðann verulega. Íbúar við

Laugarásveg eru uggandi um börn sín og telja að það auki öryggi þeirra til muna verði hámarks hraði lækkaður í 30 km/klst.
Samþykkt. Vísað til Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar til endanlegrar útfærslu. Athygli er vakin á því að endanlegt samþykki er háð samþykki Lögreglustjóra.

17. **Búland 1-31 2-40**, kæra 82/2019 Mál nr. SN190508
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 22. ágúst 2019 ásamt kæru dags. 21. ágúst 2019 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa dags. 22. júlí 2019 þess efnis að framkvæmdir á lóðinni Búland 36, Búland 1-31 og 2-40, falli undir undanþáguákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012 í e. lið greinar 2.3.5 og því muni byggingarfulltrúi ekki aðhafast frekar í máinu.

Vísað til umsagnar Umhverfis- og skipulagssviðs, Skrifstofu Sviðsstjóra.

18. **Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi**, Mál nr. SN190507
kæra 80/2019, umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 20. ágúst 2019 ásamt kæru dags. 17. ágúst 2019 þar sem kærð samþykkt nýs deiliskipulag fyrir svæði sem afmarkast af Dunhaga 18-20, Hjarðarhaga 27-33 og Tómasarhaga 32-46. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 4. september 2019.

19. **Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi**, Mál nr. SN190509
kæra 83/2019, umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 20. ágúst 2019 ásamt kæru dags. 23. ágúst 2019 þar sem kærð er samþykkt nýs deiliskipulag fyrir svæði sem afmarkast af Dunhaga 18-20, Hjarðarhaga 27-33 og Tómasarhaga 32-46. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 4. september 2019.

20. **Drápuhlíð 36**, kæra 99/2018, umsögn, (01.713) Mál nr. SN180535
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 17. júlí 2018 ásamt kæru dags. 17. júlí 2018 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa um að gefa út byggingarleyfi fyrir bílskúr á lóð nr. 36 við Drápuhlíð. Einnig er gerð krafa um stöðvun framkvæmda. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 23. ágúst 2018. Jafnframt er lagður fram úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 13. september 2018. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 10. júlí 2018 um að samþykkja umsókn um byggingu bílskúrs á lóð nr. 26 við Drápuhlíð.

Lagt fram að nýju ásamt erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 26. ágúst 2019 ásamt bréfi dags. 18. júlí 2019 þar sem farið er fram á endurupptöku máls nefndarinnar. Jafnframt er lagt fram álit umboðsmanns Alþingis dags. 20. júní 2019.

21. **Reitur 1.240.3, Snorrabraut, (01.240.1) Mál nr. SN190374**
Grettisgata, Rauðarárstígur og
Njálsgata, nýtt deiliskipulag
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 4. júlí 2019 vegna samþykktar borgarráðs dags. s.d. á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir reit 1.240.3 sem afmarkast af Grettisgötu, Rauðarárstíg, Njálsgötu og Snorrabraut.

22. **Hagasel 23**, breyting á deiliskipulagi (04.937) Mál nr. SN180409
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 30. ágúst 2019 vegna samþykktar borgarráðs 29. ágúst 2019 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Seljahverfis vegna lóðarinnar nr. 23 við Hagasel.

23. **Kvistaland 26**, breyting á deiliskipulagi (01.862.3) Mál nr. SN190241
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 29. ágúst 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis vegna lóðarinnar nr. 26 við Kvistaland.

24. **Fyrirspurn frá Áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins**, kynning Mál nr. US190293

1. Hversu margir djúpgámar eru í notkun í Reykjavík? 2. Hver er áætlun og framtíðarsýn Reykjavíkurborgar við að fjölga djúpgámum innan borgarmarkanna. 3. Nú er kostnaður við djúpgám um 20 milljónir. Hvernig hyggst borgin koma til móts við þá sem óska eftir slíkum gámum?

Frestað.

25. **Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins**, Fyrirspurn Mál nr. US190294

Hvenær er Reykjavíkurtjörn hreinsuð og hversu oft á ári? Gróður í Reykjavíkurtjörn er nauðsynlegur og hefur gróður aukist sýnilega. Í dag er tjörnin á köflum dökkgræn þegar horft er ofan í hana og ekki augnayndi að mati margra. Aukning á slíkum gróðri hefur jákvæð áhrif á vistkerfi tjarnarinnar og bætir meðal annars skilyrði fyrir smádyr sem eru mikilvæg fæða fyrir endur. Því er það Flokki fólksins hugleikið hversu oft þarf að hreinsa tjörnina árlega til að halda vistkerfi hennar í eðlilegu ástandi.

Frestað.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 12:35

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Pawel Bartoszek
Ragna Sigurðardóttir
Hildur Björnsdóttir

Hjálmar Sveinsson
Valgerður Sigurðardóttir
Katrín Atladóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2019, þriðjudaginn 3. september kl. 10:20 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1035. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Harri Ormarsson, Vigdís Þóra Sigfúsdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Harpa Cilia Ingólfssdóttir, Edda Þórsdóttir og Olga Hrund Sverrisdóttir. Fundarritari var Vigdís Þóra Sigfúsdóttir.

Petta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. **Austurberg 2-6** (04.677.401) 112264 Mál nr.
BN055986
511115-1400 Austurberg 2-6, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir framlengingu á þaki sem og að setja upp svalaskýli á svölum á 16 af 18 íbúðum húss á lóð nr. 2, 4 og 6 við Austurberg.
Erindi fylgja fundargerðir húsfunda dags. 9. janúar, 23. apríl og 7. júní 2018.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. maí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2019.
Gjald: 11.200 kr.
Frestað.
Vísað til athugasemda.
2. **Austurv Thorvaldsens** (01.140.418) 100859 Mál nr.
BN055922
610593-2919 Lindarvatn ehf., Reykjavíkurlflugvelli, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053964 þannig að inngangar eru færðir, burðarvirki og innra skipulagi í kjallara og á 1. hæð er breytt í hóteli á lóð nr. 2 við Thorvaldsensstræti.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. júní 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa 7. júní 2019.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 23. apríl 2019. Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
3. **Ármúli 9** (01.263.001) 103518 Mál nr.
BN056593
470905-1740 Sýn hf., Pósthólf 166, 232 Keflavík
530117-0300 Reitir - hótél ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BNxxxx þannig að léttum innveggjum er breytt í húsi á lóð nr. 9 við Ármúla.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
4. **Bíldshöfði 18** (04.065.002) 110672 Mál nr.
BN056610
480207-0760 Fasteignafélagið GS ehf, Bíldshöfða 18, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir breytingum á innra skipulagi rýmis 01-0104 og 01-0105 þannig að vegg milli rýma er breytt.
Erindi fylgir óstimpluð og ónúmeruð teikning dags. 1. febrúar 1997 sem sýnir tilhögun fyrir breytingu.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
5. **Bústaðavegur 63** (01.818.220) 108208 Mál nr.
BN056598

310845-7019 Rafn Guðmundsson, Bárugata 30A, 101 Reykjavík
091274-4699 Ágúst Hauksson, Ásendi 14, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að skipta íbúð í tvær minni íbúðir, eina á efri hæð og aðra í risi í tvíbýlishúsi nr. 63 við Bústaðaveg.
Erindi fylgir staðfesting á umboði hönnuðar dags. 21. ágúst 2019, mæliblað 1.818.2 endurútféið 17. nóvember 2011, skráningartafla dags. 13. ágúst 2019 og afrit af tölvupósti með samþykki meðeigenda prentað þann 21. ágúst 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

6. **Drápuhlíð 9** (01.702.217) 107061 Mál nr.
BN056423

150972-3619 Elvar Örn Arason, Drápuhlíð 9, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til breyta erindi BN054108 þannig að álklæðningu á þaki er skipt út með þakpappa, þakgluggi er dreginn til baka, hurð á suðurhlið er hliðrað til og glugga bætt við á bílskúr á lóð nr. 9 við Drápuhlíð.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda á afriti af uppdrætti dags. 2. júlí 2019.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fokheldi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

7. **Döllugata 10** (05.113.709) 214848 Mál nr.
BN055841

220856-7049 Anna Ingibjörg Hjaltalín, Smárarími 44, 112 Reykjavík
020259-4859 Stefán Gunnar Jósafatsson, Smárarími 44, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt einbýlishús á tveimur hæðum með auka íbúð og innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 10 við Döllugötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 12. júlí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. júlí 2019. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 12. apríl 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. apríl 2019.
Stærð: A-rými: 335.00 ferm., 1.018.9 rúmm.
B-rými: 7.0 ferm..
Samtals: 342.0 ferm., 1.362,9 rúmm.
Nýtingarhlutfall 0.496.
Erindi fylgir mæliblað 5.113.7 útféið 21. febrúar 2008.
Gjald kr. 11.200 + 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

8. **Engjasel 70-86** (04.947.303) 113059 Mál nr.
BN056391

700408-0430 Engjasel 70-72, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að klæða norðvestur gafl og suðvestur- og norðausturhlið, með sléttri álklæðningu, setja opnanleg gluggafög í stigagang og íbúðir á norðvesturhlið, breyta veltigluggum, setja svalahurðir í stað glugga á suðvesturhlið jarðhæðar ásamt því að skipta steiptum svalahandriðum út með létum ál-gler handriðum á fjölbýlishúsi nr. 70-72 á lóð nr. 70-86 við Engjasel.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. ágúst 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. ágúst 2019. Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 24. júní 2019, dagskrá, mætingarlisti og

fundargerð frá fundi Húsfélags Engjasels 70-72 dags. 9. maí 2019, umboð íbúðareiganda dags. 5. maí. 2019 og bréf frá Verksýn ehf. f.h húsfélags Engjaseli 70-72 dags. 30. ágúst 2019.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

9. **Freyjubrunnur 23** (02.695.412) 205731 Mál nr.
BN056559

520515-1000 Mánalind ehf., Lág múla 6, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að byggja 8 íbúða steinsteypt fjölbýlishús á 4 hæðum á lóð nr. 23 við Freyjubrunn.

Stærðir: A- rými: 793.7 ferm., 2411.6 rúmm., B-rými: 37.2 ferm., 104.1 rúmm.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 13. ágúst 2019, bréf undirritað e.u. borgarstjórans í Reykjavík og varðar samþykkt á deiliskipulagsbreytingu dags. 7. mars 2019, afrit af endurútgefnu byggingarleyfi dags. 17. ágúst 2017. mæliblað 2.695.4 endurútfið 18. júní 2019 og hæðablað 2.695.4, útgáfa B3 dags. september 2009.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

10. **Freyjugata 30** (01.196.002) 102630 Mál nr.
BN056186

511193-2149 Fossar ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að rífa bílskúr á lóð nr. 30 við Freyjugötu.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda á lóð dags. 14. maí 2019.

Niðurrið: 40,0 ferm., 104,5 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

11. **Freyjugata 30** (01.196.002) 102630 Mál nr.
BN056130

511193-2149 Fossar ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að byggja bílskúr á lóð nr. 30 við Freyjugötu.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda á lóð dags. 7. maí 2019.

Stærð: 66,0 ferm., 221,2 rúmm.

Stækkun: 26,0 ferm., 105,7 rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda á lóð dags. 7. maí 2019.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. maí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019.

Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Sjafnargötu 1 og 3 og Freyjugötu 28 og 32, frá 26. júní til og með 24. júlí 2019. Engar athugasemdir bárust. Einnig lagt fram bréf Óskars Jónssonar dags. 3. júlí 2019.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við fohheldi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

12. **Grandagarður 13** (01.115.207) 100054 Mál nr.
BN056550
510609-1150 Iceland Medical ehf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík
260772-5549 Jónmundur Gunnar Guðmundsson, Dynskógar 11, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta notkun úr verslun í veitingarstað í fl. I tegund ? og gestafjöldi 15 í húsinu á lóð nr. 13 við Grandagarð.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
13. **Grensásvegur 16A** (01.295.407) 103854 Mál nr.
BN056572
580815-1110 iborg ehf., Pósthólf 27, 200 Kópavogur
501215-0310 Hverasól ehf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir breytingum á erindi BN052543 m.a. breytingu á burðarvirki og útfærslu svala, hæð A og B- húss, útfærsla glugga og stiga og stigagangs í B- húsi á lóð nr. 16A við Grensásveg (Síðumúli 39).
Stækkun: xxx ferm., xxx rúmm.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 29. júlí 2019 og afrit af teikningum meðtilvísun í breytingar (óstimplaðar).
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
14. **Grettisgata 41** (01.173.124) 101541 Mál nr.
BN056571
170777-5229 Hannes Páll Pálsson, Grettisgata 41, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN056118 þannig að innra skipulagi, gluggum á austur- og norðurhlíð er breytt og nýtt reykrör sett á vesturhlíð húss nr. 41 við Grettisgötu.
Erindi fylgir minnkað afrit af innsendum gögnum frá hönnuði og umsögn Minjastofnunar dags. 15. júlí 2019.
Gjald k. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
15. **Grjótháls 1-3** (04.302.401) 111016 Mál nr.
BN056402
590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða viðbyggingu úr stálgrind á steiptum sökkli sem tengist 2. og 3. hæð ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi atvinnuhúss á lóð nr. 1-3 við Grjótháls.
Erindi fylgir bréf umsækjanda dags. 17. júlí 2019.
Stækkun A :2.035,9 ferm., 9.282,5 rúmm.
Stækkun B: 60,2 ferm., 171,9 rúmm.
Eftir stækkun, samtals: A-rými 10.170,6 ferm., 53.092,7 rúmm.
B-rými 146,8 ferm., 430,5 rúmm.
Gjald kr. 11.200 + 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
16. **Gylfaflöt 4** (02.578.202) 224861 Mál nr.
BN056615
521017-0660 GF-4 ehf., Aflakór 9, 203 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BNxxxx vegna lokaúttektar þannig að útliti og innra skipulagi er breytt í húsi á lóð nr. 4 við Gylfaflöt.

Erindi fylgir greinagerð Eflu um val og hönnun brunavarna dags. 26. ágúst 2019, ódagsett yfirlit Eflu um val á handslökkvitækjum og ósamþykkt afrit af teikningum í A3 með yfirliti yfir breytingar.

Gjald kr. 11.200.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

17. **Haukahlíð 1** (01.629.102) 221262 Mál nr.
BN056580

450107-0420 Hlíðarfótur ehf., Síðumúla 28, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054935 þannig að stærð tæknirýmis og fjölda geymslna í kjallara er breytt, innra fyrirkomulag salerna breytist á öllum hæðum, hætt er við svalir á 5. hæð og þess í stað komið fyrir þaksvölum, kassar utan um svalir fjarlægðir og svalir færðar til í fjölbýlishúsi, mhl. 02, á lóð nr. 1 við Haukahlíð.

Stækkun er nú : XX ferm., XX rúmm og það sem þarf að borga af er 110 ferm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Erindi er til umsagnar hjá skipulagsfulltrúa.

18. **Haukahlíð 1** (01.629.102) 221262 Mál nr.
BN056584

450107-0420 Hlíðarfótur ehf., Síðumúla 28, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055148 þannig að tæknirými er fært til og geymslum í kjallara er breytt í kjallara sem tengdur er við kjallara mhl. 01 um slúsu milli kjallara K1 og K2, stærðum sérafnotaflata er breytt, hætt við göt í plötur framan við glugga á svalagöngum, opnað verður inn á svalaganga, innra fyrirkomulag salerna á öllum hæðum er breytt og litaval utanhússklæðningum er breytt í fjölbýlishúsi, mhl. 05, á lóð nr. 1 við Haukahlíð.

Stækkun A rýmis er: 28,6 ferm. og minnkun er rúmm er -133,2 rúmm.

Stækkun B rýmis er: 58,0 ferm., 140,1 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Erindi er til umsagnar hjá skipulagsfulltrúa.

19. **Haukahlíð 1** (01.629.102) 221262 Mál nr.
BN056583

450107-0420 Hlíðarfótur ehf., Síðumúla 28, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055415 þannig að svalir á norður hlið eru stækkaðar, kassar utan um svalir íbúða 0205, 0305, 0405 og 0501, á vestur horni og suðurhlið eru fjarlægðir, inngangshurð færast til, innra skipulagi íbúða 0501 og 0503 breytist og salarhæð kjallara breytist í fjölbýlishúsi, mhl.04 á lóð nr. 1 við Haukahlíð.

Stækkun A rýmis er: 19,4 ferm., 99,4 rúmm.

Stækkun B rýmis er minnkun : -33,9,0 ferm., -216,6 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Erindi er til umsagnar hjá skipulagsfulltrúa.

20. **Haukahlíð 1** (01.629.102) 221262 Mál nr.
BN056582

450107-0420 Hlíðarfótur ehf., Síðumúla 28, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055293 þannig að tæknirými færast til og stærðir geymslna í kjallara 00 breytast , innra fyrirkomulag salerna og eldhúsa á öllum hæðum er breytt, gluggasetning og útlit breytist, stærðum á sérafnotaflata er breytt auk þess sem gerð á litarvali utanhússklæðningar breytist í mhl. 03 á lóð nr. 1 við Haukahlíð.

Minnkun er nú á A rýmum : -2,6 ferm., -169,6 rúmm.

Minnkun er nú á B rýmum : -26,0 ferm., -105,1 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Erindi er til umsagnar hjá skipulagsfulltrúa.

21. **Haukahlíð 5** (01.629.602) 221261 Mál nr.
BN056589
610716-1480 Frostaskjól ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055181 þannig að bílageymslum í kjallara er breytt í geymslur og staðföng leiðrétt í fjölbýlishúsi, mhl. 02, á lóð nr. 5 við Haukahlíð.
Stærðir eru óbreyttar.
Erindi fylgir uppfærð brunahönnunarskýrsla breytingardags. 21. ágúst 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
22. **Hátún 10-12** (01.234.001) 102923 Mál nr.
BN056142
420369-6979 Brynja, Hússjóður Öryrkjabandal, Hátúni 10c, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum og breyttri skráningartöflu fyrir hús nr. 10b á lóð nr. 10-12 við Hátún.
Erindi fylgir afrit af innsendum teikningum í A4 með skýringu hönnuðar á umbeðnum breytingum og umsögn húsaskoðunar dags. 1. júlí 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Lagfæra skráningu.
23. **Hólmgarður 14** (01.818.207) 108195 Mál nr.
BN056617
180154-3889 Bára Bragadóttir, Hólmgarður 14, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að gera hurð á jarðhæð suðurhliðar íbúðar 0101 í húsi á lóð nr. 14 við Hólmgarð.
Samþykki frá meðeigendum nr. 14 og 16 fylgir.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
24. **Hólmgarður 16** (01.818.208) 108196 Mál nr.
BN056616
081084-3359 George Kristófer Young, Hólmgarður 16, 108 Reykjavík
030288-2469 Úlfhildur Daníelsdóttir, Hólmgarður 16, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að gera hurð á jarðhæð suðurhliðar íbúðar 0101 í húsi á lóð nr. 16 við Hólmgarð.
Samþykki frá meðeigendum nr. 14 og 16 fylgir.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
25. **Hverfisgata 20** (01.171.008) 101354 Mál nr.
BN056554
681118-0550 Soho Veitingar ehf., Hverfisgötu 20, 101 Reykjavík
480598-2299 Jón Carl Friðrik ehf, Hverfisgötu 20, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta samþykktu erindi BN056203 þannig að komið er fyrir gasgeymslu norðanmegin við húsið á lóð nr. 20 við Hverfisgötu.
Samþykki meðlóðarhafa fylgir á A3 teikningu dags. 12 ágúst 2019 fylgir.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.
26. **Hverfisgata 40** (01.172.001) 101425 Mál nr.
BN056614
671106-0750 Þingvangur ehf., Bergstaðastræti 73, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að opna tímabundið á milli eignarhluta 0101 og 0102 og innréttta veitingarstað í fl. II tegund ? fyrir 60 gesti, á lóð nr. 40 við Hverfisgötu

og koma fyrir loftræsingu frá eldhúsi veitingastaðarins upp fyrir þakbrún á lóð nr. 46 við Hverfisgötu.

Umsögn brunahönnuðar fylgir dags. júní 2019.

Bréf hönnuðar dags. 27. ágúst 2019 fylgir með erindinu.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

27. **Hverfisgata 94** (01.174.011) 224105 Mál nr.
BN056623

710316-1470 Hverfisstígur ehf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík

550115-0180 SA Byggingar ehf., Desjamýri 8, 270 Mosfellsbær

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN051617 þannig að stigapallur á 5. hæð verður séreign aðliggjandi íbúða 502 og 503 í staðfangi nr. 96 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 94 við Hverfisgötu.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

28. **Kaplaskjólsvegur 93** (01.527.001) 106088 Mál nr.
BN056097

200852-3549 Benedikt Sigurðsson, Sæbraut 15, 170 Seltjarnarnes

170753-2409 Ása Helga Ólafsdóttir, Sæbraut 15, 170 Seltjarnarnes

110240-2019 Niels Ingólfsson, Hellisgata 35, 220 Hafnarfjörður

Sótt er um leyfi til að breyta þakrými í svalir fyrir íbúðir 0701 og 0702 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 93 við Kaplaskjólsvæg.

Fundargerð húsfélags dags. 11. apríl 2017, þinglýst samkomulag dags. 26. febrúar 2018 og umsögn skipulags dags. 13. apríl 2018 fylgir erindi.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

29. **Kirkjuteigur 18** (01.362.103) 104586 Mál nr.
BN056611

290374-3089 Rafael Cao Romero Millan, Kirkjuteigur 18, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að bæta við rýmum sem áður tilheyrði sameign við íbúð 0001 í húsinu á lóð nr. 18 við Kirkjuteig.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

30. **Krókháls 13** (04.140.801) 110738 Mál nr.
BN056502

510315-0490 Krókháls 13 ehf., Krókhálsi 11, 113 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir breytingum á erindi BN053418, sem felast í smávægilegum breytingum innanhúss, tilfærslum á milli sýningarrýmis og hraðþjónusturýmis út á gang, nýjum gluggum í austurenda byggingar og breytingum á bílastæðum á lóð nr. 13 við Krókháls.

Erindi fylgja afrit af eldri teikningum samþykktum 21. maí 2019 með sýndum breytingum.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

31. **Langagerði 48** (01.832.105) 108551 Mál nr.
BN055284
170657-2179 Auðunn Jóhann Guðmundsson, Langagerði 48, 108 Reykjavík
200975-2199 Magdalena Elísabet Andrésdóttir, Langagerði 48, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN033298 þannig að núverandi svalir eru fjarlægðar, komið verður fyrir svölum sem eru 160cm x 260 cm á þak og gluggum breytt á húsinu á lóð nr. 48 við Langagerði.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. nóvember 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. nóvember 2018.
Gjald kr. 11.000 + 11.000
Frestað.
Málinu vísað skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.
Vísad til uppdráttar nr. 1 og 2, dags. ágúst 2018 breytt 23. ágúst 2019.
32. **Langholtsvegur 190** (01.445.108) 105561 Mál nr.
BN056592
150361-2309 Reynir Arngrímsson, Langholtsvegur 190, 104 Reykjavík
030768-4939 Nanna Maja Norðdahl, Langholtsvegur 190, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að skipta húsinu í tvær eignir, í kjallara verði ósamþykkt íbúð og önnur íbúð á 1. hæð ásamt risi, einnig er sótt um leyfi fyrir áður gerðum breytingum í húsi á lóð nr. 190 við Langholtsveg.
Stækkun: x,xx ferm., x,xx rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísad til athugasemda.
33. **Laugavegur 55** (01.173.020) 101507 Mál nr.
BN056590
681215-1230 L55 ehf., Síðumúla 29, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051430 þannig að opnað er á milli verslunar í rými 0103 og gestamóttöku í rými 0104 auk þess sem rými 0101 er breytt úr verslun í snyrtistofu á 1. hæð ásamt öðrum smávægilegum breytingum á öðrum hæðum hótélbyggingar á lóð nr. 55 við Laugaveg.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísad til athugasemda.
34. **Lágmúli 7** (01.261.302) 103508 Mál nr.
BN056532
571298-3769 Samkaup hf., Krossmóa 4, 260 Njarðvík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055656 þannig að innra skipulagi er breytt og texti á afstöðumynd uppfærður.
Erindi fylgir minnisblað um eldri loftaklæðningu unnið hjá Eflu dags. 15. ágúst 2019 og yfirlitsteikning hönnuðar um áfangskiptingu breytinga dags. 28. ágúst 2019.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
35. **Leiruvegur 5** (00.026.002) 125677 Mál nr.
BN055511
120257-4639 Jón Jóhann Jóhannsson, Perluhvammur, 162

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN042548 með því að byggja kúlupak, breyta gluggum, breyta skábrautum að norðan og vestan og byggja svalir á efri hæð einbýlishúss á lóð nr. 5 við Leiruveg.
Stækkun: 230,5 ferm., 882,6 rúmm.
Gjald kr. 11.000 + 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

36. **Melgerði 17** (01.815.312) 108008 Mál nr.
BN056127

140356-7009 Svanhvít MacKenzie Aðalsteinsd., Melgerði 17, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja sólstofu við austurhlið og til að rífa kvisti og byggja nýja, koma fyrir þakgluggum, gera yfirbyggðar svalir á vesturhlið og breyta innra skipulagi efri hæðar ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum bílskúr einbýlishúss á lóð nr. 17 við Melgerði.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. ágúst 2019 fylgir erindi. Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Melgerði 14, 15, 16, 18 og 19 og Hlíðargerði 10, 12 og 14 frá 12. júní 2019 til og með 10. júlí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sigurður Guðjónsson og Edda Thors dags. 8. júlí 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019.

Stækkun: 67 ferm., 184,5 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

37. **Njálsgata 60** (01.190.311) 102444 Mál nr.
BN056556

431014-1060 Mannvirki ehf., Skútuvogi 11a, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að rífa núverandi hús á lóð nr. 60 við Njálsgötu.

Stærð skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands:

Mhl-01: 101,8 ferm., 328 rúmm.

Mhl-02: 76,0 ferm., 236 rúmm.

Hönnuður vísar til BN056452 varðandi uppbyggingaráform í lýsingu á umsóknarblaði. Greinagerð hönnuðar um niðurrif dags. 21. ágúst 2019.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Erindi verður afgreitt samhliða erindi BN056452.

38. **Njálsgata 60** (01.190.311) 102444 Mál nr.
BN056452

431014-1060 Mannvirki ehf., Skútuvogi 11a, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja nýtt 4 hæða staðsteypt fjölbýlishús með kjallara og rishæð með 7 íbúðum í Mhl-01 á lóð nr. 60 við Njálsgötu.

Stærð Mhl-01:

A rými 634,3 ferm., 1.895,8 rúmm.

B-rými 19,8 ferm.

Samtals A og B rými: 654,1 ferm.

Erindi fylgir lóðablað dags. 24. júní 2019, hæðablað dags. 27. júní 2019, greinagerð Mannvits um hljóðvist dags. 3. júlí 2019, exelskjál útreikninga á varmatapi dags. 8. ágúst 2019.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

39. **Rafstöðvarvegur 7-9** (04.252.601) 217467 Mál nr.
BN056612

450917-2300 Rafklettur ehf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að byggja einnar hæðar steinsteypta byggingu með millipalli í norðurhluta, mhl.02, hús nr. 5, á reit B, og tengibyggingu með þakgarði sem tengist mhl.01, hús nr. nr. 7, á jarðhæð vesturhliðar og teygist yfir á reit C á lóð nr. 7-9 við Rafstöðvarveg (lóð 5-9 skv. deiliskipulagi).

Stærðir:

